

nú mikil umræða á, at mjök leysisk á braut inir betri menn ór sveitinni.

Peir váru¹ frumvaxta synir Gunnars, Høgni ok Grani. Peir váru menn óskapglíkir: hafði Grani mikit af skapi móður sinnar, en Høgni var vel at sér.

Gunnarr lætr flytja vöru þeira bræðra til skips. Ok þá er öll fong Gunnars váru komin² ok skip var mjök búit, þá ríðr Gunnarr til Bergþórshváls ok á aðra bæi at finna menn ok þakkaði liðveizlu öllum þeim, er honum höfðu lið veitt.

Annan dag eptir býr hann snemmendis ferð sína til skips ok sagði þá öllu liði, at hann myndi ríða í braut alfari, ok þótti monnum þat mikit, en væntu þó tilkvámu hans síðar. Gunnarr hverfr til allra manna,³ er hann var búinn, ok gengu menn út með honum allir. Hann stingr niðr atgeirinum ok stiklar í sōðulinn, ok ríða þeir Kolskeggr í braut. Peir ríða fram at Markarfljóti,⁴ þá drap hestr Gunnars fœti, ok stōkk hann ór sōðlinum. Honum varð litit upp til hlíðarinnar ok bæjarins at Hlíðarenda ok mælti: „Foggr er hlíðin, svá at mér hefir hon aldri jafnfoggr sýnz, bleikir akrar ok⁵ slegin tún, ok mun ek ríða heim aptr ok fara hvergi.“ „Ger þú eigi þann óvinafagnað,“ segir Kolskeggr, „at þú rjúfir sætt þína, því at þér myndi engi maðr þat ætla. Ok máttú þat hugsa, at svá mun allt fara sem

eru þess, að menn væru kenndir við bæi í Noregi á 12. og 13. öld (sjá Finnur Jónsson: Tilnávne); það var ekki heldur óþekkt á Íslandi á ofanverðri 13. öld (Jón holt, Sigurðr sel-tjörn, Brandr skógr).

¹ þá b. v. í KγS.

² váru: til skips b. v. í γ(δ), O, (K); — komin: albúin Gr.

³ manna: heimamanna sinna γδS; — hverfa til: kveðja ástúðlega, kyssa.

⁴ at Gr, OBb, RKγS; með M, δ. Valdimar Ásmundarson (útg., 171. bls.) hermir, að pappírshdr. hafi hér at Markarfljóti ok ofan með því. Síðari tíma sagnir herma, að Gunnar hafi numið staðar á Gunnarshólma.

⁵ ok Y, Gr; en X.